

# Fundargerð 42. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 4. september kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Aðalheiður L. Borgþórsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Jóhann Friðrik Friðriksson og Ragnhildur Haraldsdóttir boðuðu forföll.

Skarphéðinni Orri Björnsson boðaði ekki forföll og mætti ekki á fund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Noregsferð stjórnar 2019 - 2009001SO

Á vormánuðum var ráðgert að fara í kynnisferð til Noregs vegna vindorku. Í kjölfar COVID-19 faraldursins var þeirri ferð aflýst og náðist samkomulag við ferðaskrifstofu um að fresta ferðina fram í október 2020. Í ljósi þess nú geisar seinni bylgja faraldursins er erfitt að segja til um hvort hægt verði að fara í ferðina í október. Starfsmaður samtakanna hefur verið í samskiptum við ferðaskrifstofu vegna málsins og greinir frá möguleikum í stöðunni.

*Fram kom að SAS býður ekki upp á endurgreiðslu vegna innanlandsflugs, en bendir á möguleikann á að fresta ferð og velja nýjar dagsetningar. Icelandair býður upp á að samtökin eigi inneign sem gildir í ár eða fresti ferð. Ekki hafa borist svör frá hótélum um hvort möguleiki er á að færa dagsetningar eða fá inneign.*

*Samþykkt að óska eftir því við ferðaskrifstofu að flug á vegum SAS verði fært til 12.-16. apríl sem og hótélgisting. Óskað verði eftir því að fá inneign hjá Icelandair.*

### 2. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2020 - 2009002SO

samkvæmt samþykktum samtakanna skal halda aðalfund í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal haldið á sléttum ártölum. Ákveða þarf tímasetningu aðalfundar og form hans. Lagðir fram ársreikningar vegna 2018 og 2019. Lögð fram fjárhagsáætlun 2020-2022.

Samkvæmt samþykktum skal stjórn samtakanna leggja fram tillögu um árgjald aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund sem tekur ákvörðun.

*Samþykkt að aðalfundur samtakanna árið 2020 verði haldinn fyrir lok október með fjarfundaformi. Formanni og starfsmanni falið að ákveða fundartíma og boða aðalfundi.*

*Ársreikningar 2018 og 2019 lagðir fram og staðfestir af stjórn til framlagningar á aðalfundi.*

*Fjárhagsáætlun 2021-2022 lögð fram. Samþykkt að stjórn leggi til við aðalfund að árgjald verði óbreytt í ljósi aðstæðna.*

Starfsmanni falið að senda tölvupóst á aðildarsveitarfélög og óska eftir framboðum í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

### 3. Skýrsla formanns - 2009003SO

Formaður fer yfir stöðu mála vegna starfshóps um skattlagningu á orkufyrirtæki.

Formaður greindi frá því að vinnu starfshóps væri í raun ólokið. Í sumarbyrjun var opnað á að ljúka vinnunni á þann hátt að fulltrúum starfshópsins var boðið að skila inn séráliti. Því hefur ekki verið skilað inn og engir fundir verið boðaðir í starfshópnum. Stjórn er sammála um að leggja áherslu á að starfi hópsins verði lokið fyrir aðalfund samtakanna.

### 4. Stjórn samtakanna 2018-2020 - 2009004SO

Rætt um breytingu á varastjórn samtakanna í kjölfar þess að einn fulltrúi í varastjórn, Þorsteinn Gunnarsson fyrrverandi sveitarstjóri í Skútustaðahreppi, hefur horfið til annarra starfa.

Í kjölfar þess að Þorsteinn Gunnarsson lét af störfum sem sveitarstjóri Skútustaðahrepps vikur hann úr varastjórn samtakanna.

Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar vikur einnig úr varastjórn þann 4. október þegar ný sveitarstjórn tekur við í nýju sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi.

Stjórnin þakkar þeim báðum fyrir samstarfið og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Árni Eiríksson

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson

---

Aðalheiður L. Borgþórsdóttir